

AUGLÝSING

um gjald vegna námskeiðs til undirbúnings prófi til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 774/2000 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður eru gjöld vegna fyrri hluta námskeiðs sem haldið verður í byrjun árs 2002 og fyrir verklega prófraun ákveðin þessi:

Gjald fyrir þátttöku í fyrri hluta námskeiðs	kr. 100.000
Gjald fyrir verklega prófraun	kr. 20.000
Gjald fyrir þátttöku í seinni hluta námskeiðs verður ákveðið síðar.	

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. október 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997-2009, suðurhluti byggðar í Þorlákshöfn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997-2009 frá 18. október 1999.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Stækkun og færslu íbúðarsvæða til notkunar á skipulagstímabilinu.
- Stækkun óbyggðs beltis á milli núverandi og fyrirhugaðrar byggðar.
- Færslu ípróttasvæðis.
- Færslu og minnkun skólagarða.
- Færslu og stækkun leiksvæða.
- Breyttri legu tengibrautar vestan og sunnan við byggðina.
- Breyttri legu Hafnarbergs til suðurs.
- Breyttri legu aðkomuvegar að hesthúsabyggð.
- Breyttu göngustígakerfi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.